

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 9.10.2017.

Fundarstaður: Akranesi

Fundur settur kl. 17:30. Mættir eru : GS, KSI, HB og DHS

- Ákveðið að vetrarhátíð og aðalfundur fari fram 3. mars 2018. Stjórn Flateyjarveitna er sammála þeirri dagsetningu.
- Umræður um bekkjamál. Smiðurinn sem hafði tekið að sér verkið hætti við. Á að athuga með að fá tilboð í bekki smíðaða í fangelsinu eða þá í Úkraínu ef það tekst ekki.
- Farið yfir sumarið. Tiltektardagur var fámennur, en málþing fjölmennt. Veitingar sem FFF keypti og gengu ekki út voru seldar Þrískerjum, en uppgjóri er ólokið. Málþingið þótti takast mjög vel en hugmyndir eru um að hafa lengri aðdraganda næst og e.t.v. skipta málefnum niður í smærri bita. Tímasetning í tengslum við aðra atburði í eyjunni geta verið erfiðir, hótelið upp bókað og Saltkjallarinn fullur eins og var þennan dag og því ekki margt í boði í tengslum við þingið.
- Gert grein fyrir heimsóknum skemmtiferðaskipa sem voru 8 í sumar og FFF fékk greiðslur fyrir þær. Greiðslurnar eru í erlendri mynt og verða fluttar á reikninga FFF.
- Umræður um svæðisskipulag sem verður kynnt á fundum næstu daga. GS tók þátt í vinnustofu í tengslum við þetta verkefni.
- Umræður um Verndarsvæði í byggð. GS tók þátt í vinnu á fundi í haust sem aðdraganda að vinnu vetrarins. Valdimar er áhugasamur um málið.
- Umræður um byggingu húss fyrir starfsmenn hótelsins. Skv. samþykktum félagsins hefur FFF ekki beina aðild að málinu.

Fundi slitið kl. 18:30